

Spagettikúrfur í krísu Að hafa mismikla stjórn á aðstæðum

Við skoðum lífsleiðarbreytingar meðal íslenskra þingmanna og færum rök fyrir því að stílhliðrun í krísu sé tengd því hversu mikla stjórn málhafi hefur á aðstæðum: Sá sem hefur litla stjórn og bregst við stílhliðrar niður í átt að óformlegu máli en sá sem hefur mikla stjórn á aðstæðum stílhliðrar upp á við. Við skoðum feril þingmanns sem lætur lítið á sér bera í kjölfar krísu og notar óformlegt mál á meðan.

Bakgrunnur: Þótt fjölmargar rannsóknir hafi leitt í ljós að sumar lífsleiðarbreytingar séu í kerfisbundnum tengslum við samfélagið (sjá t.d. Sankoff og Wagner 2006; 2011) geta ástæður fyrir slíkum breytingum verið einstaklingsbundnar og tengdar persónulegu lífi hvers og eins. Þannig var t.d. fráhrarfrá tilteknum einkennum svæðisbundinnar mállýsku í máli einstaklings í rannsókn Sankoff (2004) tengd við uppgjör hans við sársaukafulla æsku og eins voru breytingar í máli David Attenborough tengdar við breytingar á félagslegri stöðu hans (MacKenzie væntanlegt). Þá varð málnotkun Steingríms J. Sigfússonar formlegri í efnahagskrísunni árin 2008–11, eins og sjá má í aukinni tíðni stílfærslu á tímabilinu (Lilja Björk Stefánsdóttir og Anton Karl Ingason 2018), sem mögulega endurspeglar breytingar á stöðu hans í lífinu á þeim tíma og vægi hans á málmarkaðnum (Sankoff og Laberge 1979).

Breyta: Stílfærsla (1) er valfrjáls færsla inn í frumlagseyðu (Maling 1980). Stílfærsla er tengd við formlega málnotkun og var sögulega stöðug breyta en félagslegt notkunarmynstur hennar virðist hafa orðið flóknara á 20. öld. Hugsanalega er þetta dæmi um það hvernig setningafræðileg breyta getur orðið meira félagslega áberandi með tímanum (sbr. Sneller and Fisher 2015).

(1) Bækur [_{CP} sem {lesnar eru / eru lesnar} til skemmtunar] eru bestar.

Krísviðbrögð þingmanns: Í þessari rannsókn skoðum við stílfærslu hjá öðrum íslenskum þingmanni. Hann upplifir miklar sveiflur á sínum ferli, þar á meðal skiptir hann um flokk 2012 og var undir áhrifum í flugvél 2014 (Jóhann Óli Eiðsson 2015; Bjarki Ármannsson 2015) sem leiddi til fjölmiðlaumfjöllunar og ákalls um afsögn. Eftir að láta lítið á sér bera um skeið hætti hann á þingi. Aftur á móti náði hann aftur kjöri í næstu kosningum og varð ráðherra. Í framhaldi af því breytti hann nafninu á ráðuneytinu til að endurspeglar áherslur sínar á velferð barna. Sem ráðherra opnaði hann sig um erfiða æsku og vinsældir hans uxu. Síðan hefur hann stundum mælst í könnunum sem sá ráðherra sem almenningur ber mest traust til (e.g. Maskína 2022, 2023; Magnús Geir Ólafsson 2021). Við skoðum hvernig þessar sveiflur tengjast notkun hans á stílfærslu og leggjum áherslu á að krísuástand sem hann hafði litla stjórn á er tengt stílhliðrun niður á við í átt að óformlegu máli.

Ályktanir — minni stjórn á krísu tengist stílhliðrun niður: Niðurhliðrun þingmannsins er ólík hliðrun Steingríms J. Sigfússonar, sem hafði meiri stjórn á aðstæðum og var í leiðtogahlutverki í krísunni í kjölfar bankahrunsins. Steingrímur hliðraði upp þar til krísunni lauk. Hér er mikilvægt að það eru stundum atburðir í lífi einstaklinga sem ráða hvað mestu um stílhliðrun í krísu og sú hliðrun sem á sér stað getur gengið til baka að krísu lokinni. Flestar rannsóknir á lífsleiðarbreytingum byggjast ekki á samfelldri athugun á tímaás og geta því ekki numið svona sveiflur upp og niður á víxl hjá sama einstaklingi. Þvert á móti byggjast flestar rannsóknir á lífsleiðarbreytingum á samanburði á tveimur tímamótum og þetta mótar rannsóknarsviðið: Sankoff (2019) lýsir t.d. þremur mynstrum lífsleiðarbreytinga þar sem gengið er út frá samanburði tveggja punkta. Okkar rannsókn sýnir að háskerpunálgun þar sem unnið er með samfelldan tímaás og saga einstaklinga er könnuð sérstaklega býður upp á nákvæmari mynd af breytingum en ella væri möguleg.

Heimildir: Bjarki Ármannsson 2015. Var Ási að fá sér? Flugfarþegi segir þingmann hafa ælt á sig eftir ofdrykkju. • Jóhann Óli Eiðsson 2015. #Ásiaðfásér. Tíst um uppsölu þingmannsins. • Lilja Björk Stefánsdóttir & Anton Karl Ingason 2018. A high definition study of syntactic lifespan change. • MacKenzie væntanlegt. Tracking stylistic variation over a very long lifespan. • Magnús Geir Ólafsson 2021. Ásmundur Einar rýkur upp ánægjulistann. • Maling 1980. Inversion in embedded clauses in Modern Icelandic. • Maskína 2022. Traust til allra leiðtoga ríkisstjórnarflokkanna dregst saman frá 2021 – enginn ráðherra nýtur meira trausts í ár en í fyrrahaust. • Sankoff, D. & Laberge 1979. The linguistic market and the statistical explanation of variability. • Sankoff, G. 2004. Adolescents, young adults and the critical period: Two case studies from ‘Seven Up’. • Sankoff, G. 2019. Language change across the lifespan: Three trajectory types. • Sankoff, G. & Wagner 2006. Age-grading in retrograde movement: The inflected future in Montréal French. • Sankoff, G. & Wagner 2011. The Long Tail of Language Change. Québécois French Futures in Real Time. • Sneller & Fisher 2015. When GET got noticed: The emerging salience of GET passives. • Wagner 2012. Age grading in sociolinguistic theory.